

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2024/950****2025/EES/28/26****frá 15. janúar 2024**

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/1602 að því er varðar framkvæmdardagsetningu og tilvik þar sem þess er krafist að tollyfirvöld dragi magn sem gefið er upp í tollskýrslu frá leyfða heildarmagninu sem er tilkynnt í samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 50. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2399 ⁽²⁾ er kveðið á um rekstrarramma með sameiginlegri þjónustugátt sem tryggir snurðulaust flæði gagna milli rekstraraðila og tollyfirvalda, milli tollyfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar, milli tollyfirvalda og annarra stjórnvalda eða stofnana og milli aðskilinna tollkerfa í öllu Sambandinu. Sá rammi inniheldur sjálfvirka magnstýringarvirkni með upplýsingaskiptum milli landsbundins ramma um sameiginlega tollgátt og upplýsingastjórnunarkerfisins fyrir opinbert eftirlit (IMSOC) sem framkvæmdastjórnin kom á fót og stjórnar í samræmi við 1. mgr. 131. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625. Þessi skipti fara fram í gegnum sameiginlega tollgátt Evrópusambandsins fyrir miðlun vottorða (EU CSW-CERTEX) sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2022/2399.
- 2) Í 56. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 er komið á fót samræmdu heilbrigðis- og innflutningsskjali (CHED) sem rekstraraðilar skulu fylla út í samræmi við þá reglugerð að því er varðar framkvæmd opinbers eftirlits af hálfu lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna með dýrum og vörum sem koma inn í Sambandið til að sannprófa samræmi við löggjöf Sambandsins um landbúnaðartengda matvælakeðju.
- 3) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1602 ⁽³⁾ er fastsett í hvaða tilvikum og við hvaða skilyrði samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalið þurfi að fylgja hverri sendingu af flokkum dýra og vara, sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum í samræmi við 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 sem ætlunin er að setja á markað, alla leið á viðtökustað.
- 4) Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir sviksamlega endurnotkun samræmds heilbrigðis- og innflutningsskjals er þess krafist skv. 4. gr. (c-lið), 5. gr. (f-lið 1. mgr.) og 6. gr. (c-lið) framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/1602 að tollyfirvöld setji upplýsingar um stærð sendingarinnar, sem koma fram í tollskýrslunni, inn í upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit, í gegnum sameiginlega tollgátt Evrópusambandsins fyrir miðlun vottorða (EU CSW-CERTEX), til að tryggja að

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/950, 26.3.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2025 frá 7. febrúar 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(¹) Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

(²) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2399 frá 23. nóvember 2022 um að koma á fót ramma Evrópusambandsins um sameiginlega tollgátt og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 952/2013 (Stjtið. ESB L 317, 9.12.2022, bls. 1).

(³) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1602 frá 23. apríl 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal sem fylgir sendingum af dýrum og vörum á ákvörðunarstað (Stjtið. ESB L 250, 30.9.2019, bls. 6).

magnið sem gefið er upp í slíkri tollskýrslu sé dregið frá leyfða heildarmagninu sem er tilkynnt í samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu. Þessi skuldbinding um magnstýringu gildir ef setja á sendinguna í tollferli til afgreiðslu í frjálst flæði sem um getur í 201. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 ⁽⁴⁾ eða í tollferli til tiltekinnar notkunar eða aðvinnslu (sem samanstendur af innri og ytri aðvinnslu) sem um getur í c- og d-lið 210. gr. þeirrar reglugerðar, eftir því sem við á. Hún gildir ekki ef setja á sendinguna í tollferli til gegnumflutnings eða geymslu sem um getur í a- og b-lið 210. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013, eftir því sem við á.

- 5) Notkun magnstýringar á stigi innri aðvinnslu gerir meðhöndlun tollyfirvalda á sendingum flóknari. Setning sendingar í síðari tollferli áður en hún er afgreidd í frjálst flæði útheimtir einkum að handvirk magnstýring sé framkvæmd á stigi hvers slíks ferlis sem og á lokastigi afgreiðslu í frjálst flæði. Til að einfalda meðhöndlun tollyfirvalda á sendingum þykir rétt að leysa tollyfirvöld undan þeirri skyldu að framkvæma magnstýringu á stigi innri aðvinnslu en þessi sannprófun mun gilda áfram á stigi afgreiðslu í frjálst flæði til að unnt sé að draga magnið sem gefið er upp í tollskýrslunni á sjálfvirkan hátt frá leyfða heildarmagninu sem er tilkynnt í samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu. Enn fremur gildir tollferlið fyrir ytri aðvinnslu ekki um sendingar sem ætlunin er að setja á markað í Sambandinu sem falla undir framselda reglugerð (ESB) 2019/1602. Því ætti að fella brott þá skyldu að framkvæma magnstýringu á stigi þess ferlis. Breyta ætti framseldri reglugerð (ESB) 2019/1602 til samræmis við það.
- 6) Samræma ætti framkvæmdardagsetningu þeirrar skyldu að framkvæma magnstýringu í gegnum upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit og framkvæmdardagsetningu tengingar Traces-kerfisins, að því er varðar samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalið, við sameiginlega tollgátt Evrópusambandsins fyrir miðlun vottorða (EU CSW-CERTEX). Í reglugerð (ESB) 2022/2399 er fastsett að umrædd tenging skuli eiga sér stað eigi síðar en 3. mars 2025. Því ætti að samræma skuldbindinguna um að setja viðeigandi upplýsingar inn í upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit, sem komið var á fót með framseldri reglugerð (ESB) 2019/1602, þannig að hún gildi í hverju aðildarríki frá og með þeim degi þegar tenging Traces-kerfisins við sameiginlega tollgátt Evrópusambandsins fyrir miðlun vottorða (EU CSW-CERTEX) verður virk í því aðildarríki eða eigi síðar en frá 3. mars 2025.
- 7) Breyta ætti framseldri reglugerð (ESB) 2019/1602 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2019/1602

Framseldri reglugerð (ESB) 2019/1602 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað c-liðar 4. gr. kemur eftirfarandi:

„c) tollyfirvöld skulu setja upplýsingar um stærð sendingarinnar, sem koma fram í tollskýrslunni, inn í upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit og skulu einungis heimila að sendingin verði sett í tollferli ef ekki er farið yfir heildarmagnið sem sett er fram í samræmda heilbrigðis- og innflutningaskjalinu. Þessi krafa skal ekki gilda ef setja á sendinguna í tollferlið sem um getur í a-, b- og d-lið 210. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013.“

- 2) Í stað f-liðar 1. mgr. 5. gr. kemur eftirfarandi:

„f) tollyfirvöld skulu setja upplýsingar um magn viðkomandi hluta skiptu sendingarinnar, sem koma fram í tollskýrslunni, inn í upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit og skulu einungis heimila að sá hluti verði settur í tollferli ef ekki er farið yfir heildarmagnið sem sett er fram í samræmda heilbrigðis- og innflutningaskjalinu fyrir þennan hluta skiptu sendingarinnar. Þessi krafa skal ekki gilda ef setja á sendinguna í tollferlið sem um getur í a-, b- og d-lið 210. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013.“

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 frá 9. október 2013 um tollalög Sambandsins (Stjtið. ESB L 269, 10.10.2013, bls. 1).

3) Í stað c-liðar 6. gr. kemur eftirfarandi:

„c) að því er varðar hvern hluta skiptu sendingarinnar skulu tolfyfirvöld setja upplýsingar um magn viðkomandi hluta, sem koma fram í tollskýrslunni, inn í upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit og skulu einungis heimila að sá hluti verði settur í tollferli ef ekki er farið yfir heildarmagnið sem sett er fram í samræmda heilbrigðis- og innflutningaskjalinu. Þessi krafa skal ekki gilda ef setja á sendinguna í tollferlið sem um getur í a-, b- og d-lið 210. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013.“

4) Í stað þriðju undirgreinar 7. gr. kemur eftirfarandi:

„Þó skulu 4. gr. (c-liður), 5. gr. (f-liður 1. mgr.) og 6. gr. (c-liður) gilda frá þeim degi þegar rafræna tollgagnavinnslutæknin, sem um getur í 6. gr. (1. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 952/2013, verður starfhæf eða eigi síðar en frá 3. mars 2025.“

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. janúar 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
